

Nd.

52. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetu-
kvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Í stað 4.—8. málsgreinar 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919 (»Launin í hverju hámarki launa sinna«) kemur:

Í þeim umdæmum, þar sem rikissjóður borgar launin að hálfu móti sýslusjóði, eru launin 400 kr., en hækka 3. hvert ár um 50 kr., upp í 700 kr.

Í þeim umdæmum, þar sem bæjarsjóður borgar öll launin, eru þau 1200 kr., en hækka 3. hvert ár um 100 kr., upp í 1500 kr. Auk þess skal ljósmæðrum sjeð fyrir ókeypissíma.

Á laun þessi er greidd dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem gilda um starfsmenn ríkisins.

2. gr.

Í stað 2. gr. laganna kemur:

Í stað 5. gr. kemur:

Þær ljósmæður, sem starfað hafa í full 10 ár samfleytt, en verða þá

vegna sjúkdóms eða annara lögmaetra forfalla að láta af starfi sínu, fá eftirlaun, er nema $\frac{1}{3}$ af launum þeirra, og þær, sem starfað hafa 15 ár eða lengur, fá helming launa. Á eftirlaun þessi greiðist dýrtidaruppbót.

Greinargerð.

Sem greinargerð fyrir frv. þessu læt jeg mjer nægja eftirfarandi kafla úr brjefi til Alþingis frá Ljósmaðrafjelagi Íslands, dags. 10. febr. 1926:

»Samkvæmt yfirsetukvennalögunum frá 22. okt. 1912 fengu skipaðar ljósmaður kr. 70,00 í árslaun, ef 300 manns eða minna voru í umdæmi, og skyldu launin hækka um kr. 5,00 fyrir hverja fulla 5 tugi manns, sem fram yfir voru 300, upp í kr. 500,00. Samkv. 7. gr. sömu laga skyldi ljósmóðir fá kr. 5,00 fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem hún dveldi hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tók á móti barninu, en 50 aura fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir bjó.

Þessum launakjörum ljósmæðra var að nokkru breytt með lögum um breyting á áðurnefndum lögum frá 1912, nr. 76, 28. nóv. 1919, er gengu í gildi 1. jan. 1920. Samkv. þeim lögum eru launakjörin þessi:

»Launin skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði og greiðast einu sinni á ári, á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu öll launin greiðast úr bæjarsjóði og greiðast mánaðarlega.

Launaupphæðin ákveðst þannig, að í umdæmum, þar sem fólkstal er minna en 300, skulu árslaun vera kr. 200,00. Í þeim umdæmum, sem hafa meira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 krónur, að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó þannig, að launin fari aldrei fram úr kr. 1000,00.

Í kaupstaðum umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri ljósmæður, skal deila íbúatölunni jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 1000,00.

Laun allra ljósmæðra skulu hækka fimta hvert ár um kr. 25,00, uns launabótin nemur kr. 75,00, og er það launahámark.

Eftirlaun skulu sömu aðiljar greiða í sömu blutföllum.

Auk þess ber ljósmóður sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeiði báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en kr. 7,00 fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni, þar sem ljósmóðir býr.

Þessi lög frá 1919 voru, eins og gefur að skilja, mjög mikil rjettarbót frá því, sem verið hafði síðan 1912, og sýndi hið háa Alþingi með því mjög lofsverða viðleitni til að bæta kjör stjettar þessarar. En þrátt fyrir þessa endurbót er nú svo komið, að ljósmæður landsins telja sig eigi geta búið lengur við þau kjör, sem þær hafa nú. Það mun og vera sanni nær, að engin stjett í landinu sje yfir höfuð jafnilla launuð. Er það þó talsvert undarlegt, þar sem um

jafnabyrgðarmikla stöðu er að ræða, og stöðu, sem sú, er starfið hefir á hendi, er jafnbundin við.

Þrátt fyrir þann styrk úr ríkissjóði, sem ljósmæðranemar hafa nú, kostar námið þær minnst kr. 600,00. Ljósmóðirin verður og að hafa með sjer ýms mæðul, svo sem sóttvarnarlyf, bómull o. fl.

Engin stúlka, sem stundar ljósmóðurstörf, þótt í fámennu umdæmi sje, getur ráðið sig í neina aðra vinnu; þess vegna þarf hún að hafa föst laun, sem ekki sjeu minni en vinnukonulaun, sem nú munu vera nálægt 600 kr. á ári, auk fæðis og húsnæðis, ásamt öðrum hlunnindum, svo sem skótau o. fl. Þá er ólíku saman að jafna, hvað af þessum tveimur stjettum er heimtað.

Ljósmóðirin verður að fara út í hvaða veður sem er og oft litt færar leiðir, bæði á sjó og landi. Svo má hún ekki vera burtu úr umdæmi sínu lengur en sólarhring í einu, nema með leyfi hjeraðslæknis, og ekki fara burt af heimili sínu, svo að ekki einhver viti, hvar hana (ljósmóðurina) er að finna.

Ekki er gifta ljósmóðirin betur sett hvað launin snertir; hún verður að hafa stúlku á sínu heimili, sem hún getur treyst þegar hún gegnir störfum sínum, sem oft getur verið lengri tíma í senn.

Svo eru kaupstaðaljósmæður; þær verða beinlínis að hafa vinnukonu starfsins vegna, borga háa húsaleigu og háa skatta.

Enda þótt laun ljósmæðra hafi hækkað frá því sem áður var, hafa þau ekki hækkað hlutfallslega við önnur laun. Tökum til dæmis þegar laun ljósmæðra voru kr. 40,00 á ári, þá hafa vinnukonurnar verið í hæsta lagi kr. 30,00.

Vegna einróma álits allra ljósmæðra á landinu um, að launakjör þeirra væru alveg óviðunandi, sendi Ljósmæðrafjelag Íslands síðasta Alþingi kröfur þeirra, sem var synjað. Þess vegna samþykkti síðasti aðalfundur Ljósmæðrafjellsagsins að leita enn einu sinni álits allra ljósmæðra á landinu, og hefir stjórnin fengið svar flestra þeirra, og hafa áttatiu sagt, að þær sæju sjer ekki fært að halda starfinu áfram sem skipaðar, ef kröfur síðasta aðalfundar verða ekki samþykktar; hinar, sem ekki hafa gefið svona hrein svör, eru allar á eitt sáttar um, að kröfurnar meggi ekki minni vera.

Ljósmæðrafjelag Íslands leyfir sjer nú hjer með samkv. ályktun síðasta aðalfundar enn á ný að leita til hins háa Alþingis um fulltingi til að koma í kring . . . breytingum á gildandi lögum um yfirsetukonur.

.. .. .

Við skulum geta þess, að samkv. upplýsingum, er Ljósmæðrafjelagið hefir aflað sjer frá nokkrum af nágrannalöndunum, eru ljósmæðralaunin þar eins og hjer segir:

Í Svíþjóð: árslaun 800 krónur, auk tveggja aldursuppbóta, 100 kr. í hvert sinn, eftir ákveðin þjónustuár, bústaður: 1 herbergi og eldhús, kjallari eða önnur geymsla, svo og dálítill garður. Annars fá þær sjerstakl. kr. 200,00 í þóknun fyrir húsaleigu. Þær þjóna þar til þær eru 55 ára. Þá fá þær eftirlaun, kr. 1000,00 á ári.

Í Noregi eru launin kr. 900,00, auk aldursviðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Í Finnlandi eru launin kr. 900,00, auk viðbóta og eftirlauna samkv. launal. ríkisins.

Við væntum þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sjert fært að taka kröfur þessar til greina.